

Sþ.

341. Fyrirspurnir.

[178. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stefnumörkun í menningarmálum.

Frá Helga F. Seljan.

Er þess að vænta að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir opinberri stefnumörkun í menningarmálum svo sem víðast er gert í okkar nágrannalöndum?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslu almannatrygginga vegna ferðakostnaðar sjúklinga.

Frá Helga F. Seljan og Kjartani Ólafssyni.

Hverjar eru þær höfuðreglur, sem tryggingaráð hefur sett varðandi ferðakostnað sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar, sbr. j.-lið 43. gr. laga um almannatryggingar?

III. Til fjármálaráðherra um skuld Landsvirkjunar við ríkissjóð vegna svokallaðra vikjandi lána og fjármögnun virkjunarframkvæmda með vísitölutryggðum lánnum.

Frá Jóni G. Sólnes.

1. Hve hárrí upphæð nam skuld Landsvirkjunar við ríkissjóð í árslok 1978 vegna svokallaðra vikjandi lána og hvernig er háttáð greiðsluskilmálum og öðrum lánakjörum að því er snertir þessi lán?

2. Að hve miklu leyti hafa framkvæmdir neðangreindra virkjunaraðila verið fjármagnaðar með vísitölutryggðum lánnum, og hve háum upphæðum nema skuldir þessara fyrirtækja í slíkum lánnum í árslok 1978:

- a) Landsvirkjunar,
- b) Laxárvirkjunar,
- c) Rafmagnsveitna ríkisins,
- d) Kröfluvirkjunar?